

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 501/1994 um gerð persónuhlífa.

#### 1. gr.

Á eftir orðunum „ætluð fyrir notendur“ í e-lið 3. tölul. 1. gr. kemur: vélknúinna.

#### 2. gr.

Lokamálsliður III. viðauka, sem hefst á orðunum „Viðbótarupplýsingar“ fellur brott.

#### 3. gr.

Reglur þessar, sem settar eru af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 38. og 47. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og með hliðsjón af tilskipun nr. 96/58/EB eru hér með staðfestar til að öðlast gildi við birtingu.

*Félagsmálaráðuneytinu, 26. nóvember 1998.*

**Páll Pétursson.**

*Elín Blöndal.*

Nr. 691

30. nóvember 1998

## GJALDSKRÁ

### fyrir hundahald á Hellu fyrir árið 1999.

#### 1. gr.

Gjald fyrir að halda hund, sbr. 1. lið 2. gr. samþykktar um hundahald á Hellu nr. 76/1975, skal á árinu 1999 vera kr. 6 752. Gjaldldagi er 1. janúar og eindagi 28. febrúar vegna hunda sem eru á skrá um áramót, annars er 30 daga gjaldfrestur.

Allur kostnaður vegna föngunar og vörslu hunda, sem teknir eru lausir, s.s. útkalls-kostnaður, bifreiðakostnaður, búrleiga og auglýsingar, skal greiddur af hlutaðeigandi leyfishafa eða umráðamanni hunds, sé um leyfislausan hund að ræða.

#### 2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Rangárvallahrepps er hér með staðfest samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, til þess að gilda fyrir árið 1999.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 30. nóvember 1998.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*